



Alþingi
Erindi nr. P 125/1316
komudagur 29.3.2000

FÉLAG ÍSLENSKRA SJÚKRÁÞJÁLFA

Reykjavík 24.03.2000.

Nefndarsvið Alþingis,
Þórshamri v/Templarasund.

**Umsögn Félags íslenskra sjúkráþjálfara um frumvarp til laga um
lögleiðingu ólympískra hnefaleika
á 125. löggjafarþingi 1999-2000, þingskjal 491 – 292. mál.**

Stjórn Félags íslenskra sjúkráþjálfara (FÍSP) hefur fjallað um ofangreint frumvarp.

Í siðareglum FÍSP kemur fram að “ Hlutverk sjúkráþjálfara er að greina og meðhöndla truflun á hreyfingum líkamans, vinna að því að efla og viðhalda líkamlegu sem andlegu atgervi skjólstæðinga sinna og draga úr og koma í veg fyrir vanlíðan”. Samkvæmt þessu hlýtur stjórn FÍSP að mæla með hvers kyns íþróttum sem hafa þau markmið að leiða til betra líkamlegs og andlegs atgervis þeirra sem stunda þær.

Eins og fram kemur í frumvarpinu er óviða bann við ástundun ólympískra hnefaleika í þeim löndum sem Íslendingar bera sig saman við. Þar sem ólympískir hnefaleikar eru stundaðir svo víða, hljóta að vera til upplýsingar um tíðni slysa við iðkun þeirra og um langtíma afleiðingar af völdum þeirra. Að því tilskyldu að ekki sé vitað til þess að tíðni og alvarleiki slysa við iðkun ólympískra hnefaleika sé meiri en við iðkun annarra leyfðra íþróttar, styður stjórn FÍSP frumvarpið.

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar FÍSP,

Sigrún Knútsdóttir,
formaður.